

19. ársþing K.K.Í.

Haldið að Hótel Esju dagana

27. og 28. apríl 1979.

ÞINGGERÐ.

1. Formaður sambandsins Stefán Ingólfsson setti þingið, með stuttri setningarræðu. Hann bauð fundarmenn velkomna og gat tímamóta í sögu sambandsins þ.e. hinnar nýstofnuðu úrvalsdeildar. Einnig drap hann á geysilega aukningu áhorfendafjölda, en hann jókst um 4-500% frá árinu áður sem þó var metár. Þetta þakkaði Stefán ekki hvað síst fjölmiðlum sem gerðu ípróttinni mun herra undir höfði en áður hafði þekkt.
2. Starfsmenn fundarins voru tilnefndir Jóhannes Halldórsson þingforseti og Kolbrún Jónsdóttir ritari.
3. Kosnar fastar nefndir.

Kjörbréfanefnd: Sigurður Jónsson
Brynjar Sigmundsson
Atli Arason

Fjárhagsnefnd: Þórdís Kristjánsdóttir
Gunnar Gunnarsson
Halldór Einarsson

Laga og leikreglanefnd: Hrafn Johnsen
Kristbjörn Albertsson
Sigurður V. Halldórsson

Í fjarveru Kristbjörns Albertssonar var Einar Bollason tilnefndur í nefndina.

Allsherjarnefnd: Þorvaldur Geirsson
Kolbrún Jónsdóttir

Kjörnefnd: Ingi Gunnarsson
Jón Jörundsson
Kristinn Stefánsson
Hrannar G. Halldórsson

4. Skýrsla fráfarandi stjórnar.
Stefán Ingólfsson gerði grein fyrir skýrslu stjórnar sem áður hafði verið lögð fjölrituð fram ásamt skýrslum fastanefnda sambandsins.
Skeyti barst fundinum frá Herði Túliníus svohljóðandi:
"Höldum körfunni ávallt í fremstu röð flokkaípróttta."
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Þórdís Kristjánsdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga sambandsins sem áður höfðu verið fjölritaðir og dreift meðal fundarmanna. Hún taldi sig ekki þurfa að skýra þá nánar en tók fram að þeir væru ekki endurskoðaðir. Voru þeir samþykktir með fyrirvara um endurskoðun. Kjörbréfanefnd hafði nú lokið störfum sínum og hafði hún ekkert við kjörbréfin sem borist höfðu, að athuga en Sigurður Jónsson sem hafði orð fyrir nefndinni taldi að fyrirkomulagið, um leyfilegan fjölda fulltrúa, væri of flókið til að hægt væri að gera athugasemdir við kjörbréf.

Þingfulltrúar voru eftirtaldir:

Frá Í.B.R.

Gunnar Gunnarsson	Steinn Sveinsson
Margrét Halldórsdóttir	Bjarni G. Sveinsson
Salína Helgadóttir	Kolbrún Jónsdóttir
Þórunn	Hrafn Johnsen
Þorvaldur Geirsson	Halldór Einarsson
Hrannar Halldórsson	Þórdís Kristjánsdóttir
Sigurður Jónsson	Kristinn Stefánsson
Jón Jörundsson	Einar Bollason
Kristján Sigurðsson	Sigurjón Sigurðsson
Sigurður V. Halldórsson	Helgi Árnason
Atli Arason	Hallgrímur Gunnarsson

6. Fjárhagsáætlun stjórnar:

Hún lá ekki fyrir og lagði stjórnin til að fjárhagsnefnd yrði falið að sjá um að semja fjárhagsáætlun.

7. Lagðar fram laga og leikreglnabreytingar þær sem borist höfðu.

Stefán Ingólfsson gerði grein fyrir breytingatillögum stjórnar en þeim hafði áður verið dreift vélrituðum meðal fundargesta.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

Engar aðrar tillögur höfðu borist og var því gert hlé á störfum til næsta dags.

Einar Bollason kosinn þingforseti í stað Jóhannesar Halldórssonar.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.

Fjárhagsnefnd:

Þórdís Kristjánsdóttir hafði orð fyrir fjárhagsnefnd. Fyrirspurn kom um hvers vegna laun framkvæmdastjóra væru svo há. Kom fram í svari Þórdísar að miðið væri við fullt starf allt árið og miðið við 18. lfl. B.S.R.B.

Breytingartillaga kom frá Helga Árnasyni um að fastsetja ekki þátttökugjald í 2. deild karla, heldur bíða og sjá hvað mörg lið taka þátt í annari deild. Breytingartillaga Helga var samþykkt og síðan fjárhagsáætlun.

Laga og leikreglnanefnd:

Hrafn Johnsen hafði orð fyrir laga og leikreglnanefnd. Lagði nefndin til að breytingartillögur stjórnar yrðu samþykktar óbreyttar að mestu, nema tillögur um erlenda leikmenn. Nefndin lagði einnig til að K.K.Í. útbyggi staðlaðan samning fyrir félögin og kosin yrði 3 manna nefnd til að sjá um það.

Þingforseti lagði til að gengið yrði til atkvæða um hverja grein fyrir sig, og var það samþykkt.

Breytingartillögur stjórnar við lög K.K.Í.

8. grein 12.1. verði "Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðanda, formanns mótanefndar og fulltrúa á íþróttabing." Samþykkt.

10. grein verði

~ ~ ~ ~ ~

- Útbreiðslu og tækninefnd.

"Formaður mótanefndar skal kosinn á Körfuknattleikspingi. Hver nefnd skal skipuð þremur mönnum "..... Samþykkt.

Breytingartillögur stjórnar við reglugerð um körfuknattleikarót.

21. grein

c. verði

".... og dæma í allt að 50.000 kr. sekt." Samþykkt.

d1. verði

".... Lágmarks sekt skal vera kr. 20.000.-
..... Samþykkt.

23. grein verði: ".....

Áfryjunargjald skal vera kr. 15.000.-"

Samþykkt með 2 mótatkvæðum.

26. grein verði: Félag sem vanrækir umsjón með heimaleikjum sínum skal greiða KKI allt að 25.000.- kr. sekt í hvert skipti." Samþykkt samhljóða.

Breytingartillögur stjórnar við reglugerð fyrir mótanefnd:

1. grein verði:

"Mótanefnd skipa 3 menn. Allsherjarnefnd tilnefni tvö nefndarmenn.

Formaður nefndarinnar skal kosinn á Körfuknattleikspingi." Var hún samþykkt.

Breytingartillaga stjórnar við starfsreglur fyrir aganefnd K.K.Í.

6. grein.

verði:

1) "Öllum starfsmönnum leiks er heimilt að kæra, en dómari skal koma kærinni til aganefndar KKI. Stjórn KKI getur einnig kært mál beint til aganefndar. Kæra er heilil geri, leikmaður, þjálfari,....." Samþykkt.

9) "Við ítrekuð eða alvarleg brot, sem hafa í för með sér meira en eins leiks bann, skal félag hins dæmda greiða fjársektir er nemi minnst kr. 30.000.- en mest kr. 200.000.- og skulu þær greiðast fyrir næsta leið viðkomandi félags." Samþykkt.

Breytingartillaga stjórnar við reglugerð um körfuknattleiksmót

11. grein verði:

Landsmót karla í meistaraflokki innanhúss, skal vera í þremur deildum. Úrvalsdeild skal skipuð sex liðum sem leiki fjórfalda umferð.

I. deild skal skipuð fimm liðum sem leiki fjórfalda umferð.

II. deild skal skipuð þeim aðilum sem ekki eiga lið í úrvalsdeild eða I. deild.

Tilkynni átta eða færri aðila þátttöku skal leika í einni deild.

Sigurvegarar í I. deild öðlast rétt til þátttöku í úrvalsdeild næsta leikár á eftir. Sigurvegarar í II. deild öðlast á sama hátt rétt til að leika í I. deild næsta leikár á eftir. Sá aðili er fæst stig hlýtur í Úrvalsdeild fellur í I. deild og leikur þar næsta leikár á eftir. Á sama hátt fellur lið sem fæst stig hlýtur í I. deild í 2. deild og leikur þar næsta leikár á eftir. Taki einn deildaraðili ekki þátt í keppninni fellur hann sjálfkrafa niður um eina deild.

Sá aðili, sem sigrar í Úrvalsdeild hlýtur sámdarheitið "Íslandsmeistari" og gildir hið sama um sigurvegara í I. deild Íslandsmóts í meistaraflokki kvenna.

Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið. Meistaramót Íslands skal haldið á tímabilinu 15. október - 15. apríl

Verðlaun fyrir meistaramót má ekki afhenda, ef aðeins eitt félag tilkynnir þátttöku.

Kept skal um titilinn.

Mótanefnd er heimilt að skipta landinu í keppnissvæði. Á hverju keppnissvæði skal starfa sérstök svæðisnefnd, sem er undirnefnd mótanefndar.

Svæðisnefnd sér um framkvæmd svæðiskeppni, sem fram skal fara á tímabilinu október-mars.

Svæðiskeppni fer fram í öllum flokkum nema úrvalsdeild I. deild karla og I. deild kvenna.

Að loknum svæðakeppnum fer fram sérstök úrslitakeppni. Mótanefnd annast framkvæmd úrslitakeppni.

I. deild kvenna skipa fjögur lið sem leika fjórfalda umferð.

Neðsta lið deildarinnar leikur við efsta lið II. deildar um sæti í I. deild að ári.

Það lið sem fyrst vinnur tvo leiki hlýtur sæti í I. deild. Stjórn KKI ákveður fyrirkomulag keppinnar hverju sinni í samráði við viðkomandi félög.

Ákvæði til bráðabirgða fyrir keppnistímabilið 1979-1980. Þrjú neðstu lið I. deildar falli í II. deild.

Það lið sem er í fimmta sæti I. deildar og sigurvegarar II. deildar skulu leika tvo leiki um sæti í I. deild næsta keppnistímabil.

Var hún samþykkt.

Einar Matthíasson bar fram breytingartillögu við breytingartillögu stjórnar við 11. grein "Það lið sem sigrar í II. deild eigi skilyrðislausan rétt á að leika í I. deild næsta keppnistímabil án nokkurra aukaleikja."

Var sú tillaga felld.

Uppkast að reglugerð um erlenda leikmenn í íslenskum körfuknattleik.

Lagt fram af stjórn KKÍ.

Þingforseti las upp 1. grein með breytingartillögum laga- og leikreglnanefndar. Þá hljóðar greinin svo: "Félög sem óska eftir leyfi fyrir erlenda leikmenn til að leika með meistaraflokki skulu senda umsókn þar að lútandi til KKÍ.

Umsókninni skulu fylgja eftirtalin gögn: Áhugamannaskírteini eða önnur gögn sem að mati stjórnar KKÍ sanna að viðkomandi leikmaður sé áhugamaður og hafi réttindi þar að lútandi.

Afrit af ráðningarsamningi ef leikmaðurinn annast jafnframt þjálfun.

Stjórn KKÍ er skylt að meðhöndla upplýsingar á ráðningarsamningi sem trúnaðarmál.

Einar Matthíasson og Atli Arason báru fram breytingartillögu um að málsgreinin "Áhugamannaskírteini ...o.s.frv." verði felld niður, sú tillaga var felld.

1. grein var svo samþykkt eins og hún er rituð hér á undan.

2. og 3. grein voru bornar fram saman með þeim breytingartillögum að málsgreinararnar "stjórn KKÍ er heimilt í þess stað." falli út svo og 3. grein í heild var það samþykkt.

2. grein hljóðar því svo "stjórn KKÍ skal gefa út skriflegt keppnisleyfi fyrir þá leikmenn sem uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar og reglugerðar um körfuknattleiksmót. Keppnisleyfi gildir til loka viðkomandi keppnistímabils.

Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórnin ákveður fyrir hvert keppnistímabil."

4. grein verði 3. grein og hljóði svo:

"Stjórn KKÍ getur afturkallað keppnisleyfi einstakra leikmanna ef sannast að gögn sem lögð voru fram með umsókn voru röng.

Ennfremur getur stjórn KKÍ afturkallað keppnisleyfi þeirra leikmanna sem gerast sekir um gróft eða endurtekið ofbeldi í leik eða sýni ítrekað óþrúðmannlega framkomu við dómara og starfsmenn leikja." Var þessi tillaga samþykkt.

5. grein verði 4. grein og hljóði svo:

"Félög annast sjálf tilkynningar til FIBA um erlenda leikmenn sem leika með þeim." Samþykkt.

Viðbótargreinar verði 2.

5. grein hljóði svo: "Erlendur leikmaður er hlutgengur með sínu nýja félagi einum mánuði eftir tilkynningardag skv. 3. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót."

Viðbótartillaga við 5. grein barst frá Einari Matthías-syni og hljóðar hún svo: "Nýr leikmaður verður ekki hlutgengur með liði sínu fyrr en að 30 dögum liðnum frá síðasta leik annars erlends leikmanns með sama liði í Íslandsmóti eða bikarkeppni. Í þessu tilliti skal síðasti leikur einnig teljast leikur sem leikmaður ekki gat leikið vegna leikbanns." Var 5. grein að viðbættri tillögu Einars Matthíassonar samþykkt.

6. grein: "Ársþing KKÍ kýs árlega 3 manna nefnd sem hafa skal með hendi eftirlit með málefnum erlendra leikmanna og samskiptum þeirra og félaganna semkvæmt og í framhaldi af reglugerð þessari."

Þessi tillaga var borin fram af Einari Matthíassyni, og var hún samþykkt.

Breytingartillaga laga og leikreglnanefndar við 3. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, síðasta málsgrein hljóði svo: "Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju meistaraflokksliði að fengnu leyfi KKÍ samanber reglugerð um erlenda leikmenn."

Hilmar Hafsteinsson mælti fyrir breytingatillögu við 3. greinina skal sú málsgrein verða næst síðasta málsgrein 3. greinar og hljóðar hún svo: "Um félagaskipti íslenskra leikmanna sem leika með erlendum liðum sem eru aðilar að FIBA gilda sömu reglur og um þá sem leika með íslenskum liðum."

Voru báðar þessar tillögur samþykktar.

Einar Matthíasson: mælti fyrir breytingartillögu við 5. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Verði sú málsgrein 4. málsgrein 5. greinar og hljóðar svo:

"Heimilt er hvoru félagi að hafa 1 mann við ritara og tímavarðarborð á leikjum.

Skal framkvæmdaaðili sjá þessum mönnum fyrir aðstöðu og eru þeir starfsmenn leiksins." Var tillagan samþykkt.

Önnur mál:

Einar Bollason lagði fram tillögu til frávíks um að leyfilegt væri að bera fram breytingartillögur við reglugerðir undir liðnum önnur mál og var hún samþykkt.

Breytingartillögur komu frá Einari Matthíassyni og Hilmari Hafsteinssyni og var þeirra getið í liðnum hér á undan.

Lögð var fram áskorun frá þinginu: "19. ársþing KKÍ haldið að Hótel Esju 27. og 28. apríl 1979 skorar á borgar og bæjaryfirvöld um land allt að fella niður húsaleigu vegna íþróttamóta sem fram fara í íþróttahúsum þeirra."

Var henni fylgt úr hlaði með lófataki.

Stefán Ingólfsson kvadde sér hljóðs og sagði að stjórn KKÍ hefði ákveðið að veita Einari Ólafssyni heiðursmerki KKÍ, fyrir vel unnin störf í þágu körfuknattleiksins. Stefán kvaðst ekki treysta sér til að telja upp öll þau störf sem Einar hefði unnið, og höfðu menn á orði að enginn þyrfti að skammast sín fyrir að geta það ekki svo mörg væru þau.

11. Kosnir 3 menn í körfuknattleiksdómstól og 3 til vara.

Kosnir voru: Atli Arason til 1 árs.
 Sigurður Þórarinnsson til 2 ára.
 Ingi Gunnarsson til 3 ára.
 Til vara: Ingi Stefánsson til 1 árs.
 Jón Jörundsson til 2 ára.
 Sigurður Jónsson til 3 ára.

12. Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda, formanns mótanefndar og fulltrúa á íþróttabing.

Stefán Ingólfsson var einn í kjöri til formanns og var kjör hans staðfest með lófataki.

Aðrir í stjórn voru kosnir
 Þórdís Kristjánsdóttir
 Kristbjörn Albertsson
 Sigurður Valgeirsson
 Helgi Árnason

Í varastjórn: Sigurður Jónsson
 Hallgrímur Gunnarsson
 Endurskoðendur: Hólmsteinn Sigurðsson
 Gunnar Gunnarsson

Hina nýju nefnd sem eftirlit á að hafa með erlendum leikmönnum.

(Útlendingaeftirlitið) skipa: Einar Bollason
 Halldór Einarsson
 Einar Matthíasson

Formaður mótanefndar: Gylfi Kristjánsson.

Kjöri fulltrúa á íþróttabing var vísað til stjórnar.

13. Þingfundangerðir lesnar og staðfestar.

Þingritara var gefinn kostur á að hreinrita fundangerð og síðan yrði hún fjölrituð og þáði hann það.

Stefán Ingólfsson formaður þakkaði það traust sem honum var sýnt.

Hann lýsti yfir óánægju sinni með hve erfitt er að fá fólk til sjálfboðaliðastarfa fyrir KKÍ.

Engin loforð voru gefin um starfsemi stjórnar næsta ár, en hann kvaðst þó búast við að reynt yrði að halda áfram á svipaðri braut nema hvað landsliðið fengi forgang á sama hátt og úrvalsdeildin fékk síðastliðinn vetur, án þess að það komi niður á keppni innanlands.

Að síðustu óskaði Einar Bollason þingforseti nýrri stjórn velfarnaðar í starfi og þakkaði þingfulltrúum góð störf og sagði síðan 19. ársþingi Körfuknattleiks-sambands Íslands slitið.

